



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogi, 11. febrúar 2022
1512172/500.00 RH

Efni: Framkvæmdir á skólalóðum 2022

Vorið 2016 var lögð fram skýrsla um „Skemmtilegar skólalóðir“. Síðan þá hafa menntaráð og bæjarráð árlega samþykkt tillögur um ráðstöfun fjárveitingar til endurbóta á skólalóðum á grundvelli úttekta í fyrrnefndri skýrslu. Í mars 2020 var lögð fyrir samantektin „Endurgerð skólalóða 2016-2019. Staða og endurmat“ sem samþykkt var að höfð yrði til grundvalla við verkefni á skólalóðum á næstu árum. Meðfylgjandi er samantekt á framkvæmdum á skólalóðum sl. tvö ár sem inniheldur m.a. uppfærslur á mælikvörðum ásamt skýringum á þeim.

Lagt er til við bæjarráð að 50.000.000 kr. fjárveitingu á fjárhagsáætlun 2022 „Grunnskólalóðir – endurnýjun“ (gjaldaliður 32164), verði ráðstafað með þeim hætti að 25.000.000 kr. fari í gerð sparkvallar (battavallar) á lóð Snælandsskóla, 15.000.000 kr. í endurgerð leiksvæðis við Lindaskóla og 10.000.000 kr. í endurnýjun leiktækja á lóð Kópavogsskóla.

Í ár verður farið í tvö verk á skólalóðum sem kosin voru inn í Okkar Kópavogur IV. sem lauk 9.2. sl. og koma til framkvæmda 2022 og 2023:

- Smáraskóli, bætt lýsing við boltavelli.
- Lindaskóli, uppsetning aparólu.
- Vatnsendaskóli og Kórin, sett upp læsanleg hlaupahjólástæði,

Virðingarfyllst


Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðstjóri Menntasviðs


Ásthildur Helgadóttir
Sviðstjóri Umhverfissviðs